

Eyrir Invest kynnir afkomu á fyrri árshelmingi 2012

Traust fjárhagsstaða og áframhaldandi virðisaukning

- Hagnaður á fyrri árshelmingi 2012 nam 18 milljónum evra [H1 2011; -13 milljónir]
- Nettó virði eigna nemur nú 20,3 evrusentum á hlut samanborið við 18,3 evrusenta virði á hlut í ársbyrjun
- Nettó virði eigna hinn 30. júní 2012 var 205 milljónir evra og jókst um 2 milljónir frá ársbyrjun. Eyrir keypti 9% eigin bréfa á tímabilinu fyrir 16 milljónir evra
- Heildareignir eru 380 milljónir evra og eiginfjárlutfallið er 54% samanborið við 51% í ársbyrjun. Sjóðstaða um mitt ár er 1 milljón evra. Eftir lok uppgjörstímabilsins hefur Eyrir tryggt sér langtímafjármögnun að fjárhæð 22 milljónir evra.
- Stjórn Eyrir hefur ákveðið að selja eigin bréf til þess að styrkja fjárhag félagsins enn frekar

Kjölfestueignir Eyrir eru 33% hlutur í Marel og 17% hlutur í Stork BV sem á og rekur iðnfyrirtækin Stork Technical Services og Fokker Technologies. Á síðustu árum hefur Eyrir aukið vægi sprotafjárfestinga í eignasafni sínu.

Mikilvægt skref var stigið í ágúst 2012 þegar Stork Technical Services og Fokker réðust í sjálfstæðar langtímafjármagnanir. Eyrir leggur STS og Fokker til allt að 23 milljónir evra í formi nýs hlutafjár í tengslum við endurfjármögnun félaganna. Fjárhagur lykileigna Eyrir er traustur og í samræmi við stefnu og alþjóðleg viðmið með nettó skuldsetningu 2-4x EBITDA.

Árni Oddur Þórðarson, forstjóri:

„Við erum ánægð með góða afkomu og trausta fjárhagsstöðu. Ójöfnuður í efnahagsmálum á heimsvísu skapar krefjandi rekstrarskilyrði og fjármálamarkaðir eru almennt veikburða.

Rekstrarfélög okkar hafa vaxið með sókn á nýja markaði á undanförunum árum, jafnt með innri vexti og stefnumarkandi yfirtökum. Mikilsverðum áfanga var náð nú í ágúst þegar Stork Technical Services og Fokker Technologies réðust í sjálfstæðar langtímafjármagnanir. Með nýrri fjármögnun skapast aukinn sveigjanleiki í rekstri og unnt er að ljúka að fullu samþættingu RBG inn í rekstur Stork Technical Services.

Lykilfélög okkar eru vel staðsett í atvinnugreinum með góðan undirliggjandi vöxt og horft til framtíðar erum við hóflega bjartsýn.“

Rekstrarreikningur

(í þús. evra)	2012/6m	2011	2011/6m	2010
Rekstrartekjur:				
Afkoma af verðbréfum	24.513	-30.977	-15.165	64.851
Arðstekjur	2.489	0	0	0
Tekjur v/br. reikningsskilaaðferðar hlutdeildar- félags	0	30.107	0	0
Afkoma hlutdeildarféлага	0	11.650	2.583	7.491
Vaxtagjöld, nettó	-5.115	-12.920	-5.487	-15.873
Gengismunur	-2.727	4.763	5.531	-3.254
Hreinar rekstrartekjur	19.160	2.623	-12.538	53.215
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	527	934	451	836
Annar rekstrarkostnaður	303	732	370	560
Rekstrargjöld	830	1.666	821	1.396
Afkoma tímabilsins	18.330	957	-13.359	51.819
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé samtals	-368	-488	-190	-18.639
Heildarafkoma tímabilsins	17.962	469	-13.549	33.180
Hagn. á hlut, evrusent (hver hlutur 1 ISK)	1,75	0,09	-1,33	5,14
Heildarhagn á hlut, evrusent (hver hlutur 1 ISK)	1,71	0,05	-1,34	3,29

Efnahagsreikningur

Eignir:	2012/6m	2011	2011/6m	2010
Handbært fé og bundnar bankainnistæður	772	10.474	12.274	22.758
Hlutfjárloforð	0	15.377	0	0
Fjárfestingaverðbréf	373.837	364.931	174.320	256.835
Hlutdeildarfélag	0	0	167.533	143.602
Aðrar kröfur	2.992	2.282	2.764	1.201
Rekstrarfjármunir	2.045	2.082	2.126	2.050
Eignir samtals	379.646	395.146	359.017	426.446
Eigið fé og skuldir:				
Eigið fé	204.880	202.493	173.098	186.648
Ýmsar skuldir	203	239	226	1.908
Lántaka	174.563	192.414	185.693	237.890
Eigið fé og skuldir samtals	379.646	395.146	359.017	426.446
Eiginfjárhlutfall	54,0%	51,2%	48,2%	43,8%

Lykileignir Eyrís

Lykileignir Eyrís eru færðar til bókar á gangvirði (e. fair value) eða á markaðsvirði í samræmi við uppgjörsaðferðir alþjóðlegra fjárfestingarféлага. Lykileignir nema yfir 90% heildareigna Eyrís. Hlutabréf Marel eru skráð á Nasdaq OMX Iceland. Stork er óskráð félag, bókað á gangvirði sem metið er á grundvelli kennitalna á markaði og í viðskiptum með sambærileg félög. Á tímabilinu nam hagnaður Eyrís af hlutabréfum í Marel um 45 milljónum evra, en 17% eignarhlutur Eyrís í Stork var færður niður um 19 milljónir evra vegna markaðsaðstæðna í Evrópu.

Helstu viðburðir á fyrri árshelmingi

18% innri vöxtur hjá Marel

Tekjur Marel á fyrri árshelmingi námu 371 milljón evra og jukust um 18% samanborið við sama tímabil árið á undan. EBITDA var 46 milljónir evra en rekstrar EBITDA nam 44 milljónum á fyrri árshelmingi 2011. Hagnaður eftir skatta var 20 milljónir evra samanborið við 9 milljónir á sama tíma árið á undan.

Eyrir fékk greiddar 2,5 milljónir evra í arð frá Marel á H1 2011 vegna rekstrarársins 2011. Gengi hlutabréfa Marel var 96 evrusent hinn 30. júní 2012, 21% hærra en í ársbyrjun. Gengi hlutabréfa Marel er nú 98 evrusent.

Eyrir hefur verið kjölfestueigandi í Marel frá árinu 2005 og hefur gegnt lykilhlutverki í að móta núverandi vaxtastefnu Marel og stutt stjórnendur félagsins við að hrinda henni í framkvæmd. Á undanförunum árum hefur Marel skilað góðum vexti og styrkt leiðandi stöðu sína á markaði með þeirri stefnu að fjárfesta vel í rannsóknum og þróun sem og markaðssókn. Í dag er gott jafnvægi í sölu hjá Marel og félagið er vel staðsett til þess að njóta góðs af undirliggjandi vexti atvinnugreinarinnar.

Stork Technical Services (STS) og Fokker endurfjármögnuð á H2 2012

Í ágúst 2012 réðst Stork í endurfjármögnun rekstrarfélaga sinna, STS og Fokker. Með sjálfstæðri fjármögnun hvors félags um sig eykst sveigjanleiki í daglegum rekstri og aukin tækifæri skapast fyrir félögin til að vaxa á eigin forsendum. Fjármögnunin gerir einnig unnt að ljúka að fullu samþættingu á rekstri RGB inn í STS. Í endurfjármögnuninni felst einnig eiginfjárframlag frá núverandi hluthöfum og mun Eyrir Invest leggja fram allt að 23 milljónir evra.

Stork Technical Services;

Stork Technical Services er alþjóðlegt fyrirtæki í þjónustu við olú-, gas- og orkuiðnað. Rekstur STS, að meðtöldum rekstri RBG, er í takt við rekstrarárangur á sama tímabili árið á undan, þó misjafnt eftir deildum. Reksturinn er þyngri á hefðbundnum mörkuðum á meginlandi Evrópu en RBG, með áherslu á Norðursjó og alþjóðlega markaði, sýnir betri rekstrarárangur en árið á undan.

Samanlögð velta STS og RBG árið 2011 var liðlega 1,3 milljarður evra með um 95 milljónir evra í EBITDA. Hjá STS starfa um 14.300 starfsmenn á starfsstöðvum félagsins í Evrópu, Afríku, Miðausturlöndum, Asíu og Ameríku.

Fokker Technologies;

Fokker Technologies hannar og framleiðir íhluti og kerfi fyrir flugiðnaðinn í heiminum og rekur þróunarsetur og verksmiðjur í Hollandi, Tyrklandi, Ameríku og Asíu. Félagið veitir einnig heildstæða þjónustu og framleiðir vörur fyrir eigendur og rekstraraðila flugfara um allan heim. Velta Fokker á árinu 2011 nam um 685 milljónum evra og EBITDA var 74 milljónir. Rekstur Fokker það sem af er ári er í samræmi við áætlanir.

Fjármögnun

Í mars keypti Eyrir eigin hlutabréf sem nema 9% af heildarútgefnu hlutafé félagsins fyrir 16 milljónir evra. Heildarútgæfið hlutafé í Eyrir Invest er um 1.108 milljónir hlutir, þar af eru 100 milljónir eigin bréf. Stærstu hluthafar eru Þórður Magnússon og Árni Oddur Þórðarson og félög að fullu í þeirra eigu með ríflega 34% hlut í Eyrir Invest.

Á fyrri ársþingi 2012 greiddi Eyrir upp skuldabréfaflokkinn EYRI 05 1, alls að fjárhæð 2.540 milljónir ISK (16 milljónir EUR). Á H1 2012 voru skuldabréf Eyrir, EYRI 11 1, að nafnvirði 1.012,5 króna (6 milljónir evra) tekin til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland en bréfin voru gefin út árið 2011.

Í júlí tilkynnti Eyrir um langtímafjármögnun frá innlendum bönkum að andvirði samtals 2.100 milljónir íslenskra króna, með lokagjalddaga 2017.

Til viðbótar við ofangreint og áður tilkynnt hefur Eyrir Invest nú í ágúst tryggt sér 8,5 milljóna evru lán hjá innlendum banka. Lánið ber LIBOR + 4,2% vexti. Höfuðstóll og vextir eru á gjalddaga í ágúst 2013. Lánið, sem er tryggt með veðum í óskráðum hlutabréfum, verður nýtt til lausafjárstyrkingar og stuðnings við núverandi fjárfestingar.

Horfur

Horft fram á veginn er búist við góðum vexti og virðisaukningu í þeim atvinnugreinum sem kjölfestueignir Eyrir Invest starfa í; matvæla-, orku- og flugiðnaði. Á síðastliðnum árum hafa lykilmál Eyrir stöðugt styrkt markaðsstöðu sína og eru vel í stakk búin til að njóta góðs af efnahagsbata á heimsvísu. Afkoma getur verið breytileg frá ári til árs.

Um Eyrir Invest

Eyrir er alþjóðlegt fjárfestingarfélag sem leggur ríka áherslu á virka þátttöku í rekstri og stefnumörkun lykileigna sinna. Kjölfestueignir Eyrir eru 33% hlutur í Marel og 17% hlutur í Stork BV sem á og rekur iðnfyrirtækin Stork Technical Services og Fokker Technologies. Á síðustu árum hefur Eyrir aukið vægi sprotafjárfestinga í eignasafni sínu sem nú verður gert hærra undir höfði í gegnum félagið Eyrir sprotar slhf. „Kaupa og styðja til vaxtar“ stefna Eyrir hefur skilað góðri ávöxtun frá stofnun félagsins um mitt ár 2000.

Athygli fjárfesta er vakin á eftirfarandi

Sumar staðhæfingar í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu hennar. Í eðli sínu fela slíkar staðhæfingar því í sér óvissu. Við vekjum þess vegna athygli fjárfesta á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í þessari tilkynningu. Tilkynningin verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar.